

## **Skýrsla skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir árið 2008.**

Suðurlandsskjálftinn 29. maí og fjármálakreppan sem reið yfir heimsbyggðina á haustdögum setja einna helst mark sitt á byggingarframkvæmdir ársins.

Mikill samdráttur í eftirspurn eftir lóðum í Hveragerði eins og víðast annarsstaðar en þó voru talsverðar byggingarframkvæmdir, vegna framkvæmda sem hófust árin á undan og vegna viðgerða á húsum sem löskuðust í Suðurlandsskjálftanum. Þá voru skipulagsmál fyrirferðarmikil.

Fundir skipulags- og byggingarnefndar voru samtals 16 á árinu og 91 mál var tekið á dagskrá nefndarinnar.

### **Aðalskipulag.**

Unnið var að endurskoðun aðalskipulags Hveragerðis vegna fyrirhugaðrar tvöföldunar Suðurlandsveggar frá Hólmsá að Hveragerði. M.a. er gert ráð fyrir að mislæg gatnamót á mótis við Breiðumörk verði staðsett nokkuð sunnan við núverandi hringtorg. Áætlað er að vinnu við endurskoðunina ljúki vorið 2009.

Mikil umræða var um „Aðalskipulag Ölfus – Virkjanasvæði við Hverahlíð og Bitru” og mótmælti skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn harðlega fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum á Bitrusvæðinu.

### **Deiliskipulag.**

Nýtt deiliskipulag fyrir „Sólborgir” og samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðis viðamestu verkefnum en annars var unnið að eftirtöldum verkefnum:

Nýtt deiliskipulag fyrir „Sólborgir”. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 24/07/2008.

Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis norðan Hamars. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 01/04/2008.

Nýtt deiliskipulag við Breiðamörk 2-Þelamörk 36. Málið er óafgreitt og bíður niðurstöðu samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðis.

Nýtt deiliskipulag „Tívolíreits”. Vinna við skipulagið liggur nú niðri.

Nýtt deiliskipulag á lóðinni Álfafell 1. Málið er óafgreitt.

Breyting á deiliskipulagi við Kjarrheiði/Valsheiði. Málið er í auglýsingaferli.

Breyting á deiliskipulagi við Arnarheiði. Málið er í auglýsingaferli.

Samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðis. 17. tillögur bárust og verða verðlaun væntanlega veitt í ársbyrjun 2009.

### **Byggingarmál.**

Mikill samdráttur var í umsóknum um byggingarleyfi. Veitt voru leyfi fyrir 10 nýjum íbúðum í Dalsbrún og Smyrlaheiði og vallahúsi við íþróttavöll norðan Hamars. Einnig voru veitt leyfi til breytinga á útliti og innra skipulagi nokkurra húsa. Í lok ársins var nokkrum íbúðarlóðum í Dalsbrún og Smyrlaheiði skilað og byggingarleyfi felld úr gildi vegna fjármálakreppunnar.

Mikið tjón var á fasteignum í Suðurlandsskjálftanum 29. maí og samþykkti nefndin m.a. niðurrif tveggja einbýlishúsa og byggingu nýrra í þeirra stað. Ljóst er að rífa þarf fleiri hús og gera við fjölmörg önnur, sem löskuðust í skjálftanum.

Samþykkt flatarmál íbúðarhúsa jókst um tæpa 2.000 fermetra en samþykkt flatarmál annarra húsa minnkaði um næstum því sömu tölu eða rúma 2.000 fermetra. Þar munar mestu um niðurrif gamalla gróðurhúsa.

### **Önnur mál.**

Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði um fjölmörg önnur mál svo sem um brunamál, aðgengismál, grenndarkynningar, framkvæmdaleyfi, skilti, stöðuleyfi o.fl. Einnig voru veittar umsagnir um nokkur leyfi til áfengisveitinga og um „Varnaðarskýrslu um Suðurlandsveg”.

Hveragerði 5. janúar 2009

Guðmundur F. Baldursson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi